ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÅLGAGN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS / ML

Aukablað 26. júlí 1976

Mætið öll á sumar-mótið

SUMARMÓT KFÍ/ML á verslunarmannahelg-inni í Lundarreykjadal



Kommúnistaflokkur Íslands m-l mun halda sitt fyrsta sumarmót um verslunarmannahelgina, þe. dagana 31. júlí-2. ágúst að Lundarreykjadal í Borgarfirði, en áður höfðu KSML haldið tvö slík mót, sem þóttu takast all vel.

Auk ýmis konar leikja, skemmtiefnis o.þ.h. verður tekið fyrir á mótinu sérstakt umræðuefni, sem að þessu sinni fjallar um heimsástandið og baráttu íslenskrar alþýðu gegn veru Íslands í NATO og bandaríska hernum á Miðnesheiði. Verða fyrst framsögur um þetta mál, síðan hópaumræður og að þeim loknum almennar umræður. Kvöldvökur verða haldnar þátttakendum til skemmtunar og fróðleiks, þar sem sellur og einstaka félagar flokksins leggja til efni. Ein kvöldvakan verður þó sérstaklega helguð Alþýðulýðveldinu Kína, þar sem félagi Kristján Guðlaugsson mun skýra frá nýafstaðinni för sinni til landsins.

Á morgnana og um miðjan daginn verður farið í gönguferðir um svæðið, keppt í ýmis konar íþróttum og leikjum, s.s. fótbolta, blaki o.fl. Nákvæm dagskrá hefur enn ekki verið ákveðin, en vonandi verður hægt að skýra þátttakendum frá henni eins fljótt og auðið er. Þess skal getið að notkun áfengis er stranglega bönnuð.

Vegna þess hversu illa tókst til með sumarmótið í fyrra að því leyti, að óhagstætt veður kom í veg fyrir að hægt væri að ljúka því, hefur verið ákveðið að taka á leigu félagsheimilið að Brautartungu, sem er skammt frá tjaldsvæðinu - en aðeins í neyðartilfelli.

Þátttökugjald hefur verið ákveðið 3000 kr. fyrir einstakling, en kr. 5000 fyrir hjón. Börn yngri en 12 ára fá ókeypis Innifalið í mótsgjaldinu er ferð með áætlunarbíl fram og til baka og kakó og kex á kvöldin.

Ef við þurfum á félagsheimilinu að halda vegna veðurs, verður hver sá sem þar dvelst að greiða kr. 100 aukalega.

Gert er ráð fyrir að fara með áætlunarbíl frá Umferðarmiðstöðinni að morgni laugardags 31. júlí og farið frá Lundarreykjadal síðdegis mánudaginn 2. ágúst. Þeir sem vilja taka þátt í sumarmóti KFÍ/ML í ár eru vinsamlegast beðnir að láta skrá sig í síma 27810 á opnunartíma Rauðu stjörnunnar, en hún er opin alla virka daga frá kl. 15.00 til 18.30. Þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar um mótið.



Sumarmót KFÍ/ML verður haldið í Lundarreykjadal, skammt frá félagsheimilinu Brautartungu. Þátttakendur eru minntir á að skrá sig í síma 27810, þar sem nánari upplýsingar er að fá.

Hættan á styrjöld fer vaxandi

Gangur heimsmálanna á rætur sínar að rekja til tveggja meiriháttar breytinga sem orðið hafa eftir síðari heimsstyrjöldina. Til þessara breytinga sækja marxistar-lenínistar þá afstöðu sína, að 2 risaveldi, Sovétríkin og Bandaríkin, bítist um heimsyfirráð og að veröldina beri óðfluga í átt til þriðju heimsstyrjaldarinnar, styrjaldar þar sem þessir tveir stærstu ræningjar og kúgarar samtímans, skipta með sér ránsfengnum samkvæmt hernaðarlegum styrkleika hvors um sig. En þetta er aðeins önnur hlið málsins. Við hitt skautið magnast forsendur byltingarinnar og herskarar hennar skipuleggja sig til að halda fram á vígvellina, til að taka söguna í sínar hendur.

Tvær meiriháttar breytingar hafa átt sér stað

Að lokinni síðari heimsstyrjöld báru USA ægishjálm yfir önnur heimsvaldaríki. Þau voru auðugust allra og herafli þeirra nam land í öllum heimsálfum. Máttur Pentagons var gífurlegur og yfirráðin yfir kjarnasprengjunni veittu Bandaríkjunum forskot fram yfir alla keppinauta þeirra. Bandaríkin voru grímulaus höfuðóvinur alþýðu gervallrar veraldarinnar. En ekkert stenst í rás sögunnar og með framvindunni komu í ljós brestir í hinu volduga herveldi. Bæði höfðu aðrar þjóðir orðið sér úti um kjarnavopn og sérstaklega höfðu hinir fjölmennu og þróttmiklu alþýðuherir austurlanda boðið hernaðarlegu ofurefli þeirra byrginn og sigrað. Í Kína urðu bandarísku heimsvaldasinnarnir að játa fyrsta ósigur sinn árið 1949. Acheson utanríkisráðherra var kennt um að hafa tapað Kína og Bandaríkin voru staðráðin í að endurtaka ekki sömu skyssuna í Kóreu 1950. En þar mættu þau enn ofjarli sínum. Á örfáum mánuðum voru herir þeirra hraktir suður fyrir 38. breiddargráðu og Alþýðulýðveldið í N-Kóreu treyst í sessi með tilstyrk kínverskra sjálfboðaliða. Í Indókína eyddu bandaríkjamenn rúmum 200 milljónum dollara til hernaðarins en báru samt skarðan hlut frá borði.

Þetta réð úrslitum, lítil þjóð hafði sigrað voldugt herveldi., Davíð hafði lagt Golíat að velli. Með sigrum víetnömsku, kambódísku og laótísku alþýðunnar hefst undanhald bandarísku heimsvaldastefnunnar og hnignun þess herveldis sem mest var eftir síðar heimsstyrjöldina. Völd Bandaríkjanna hafa síðan farið minnkandi og hagur þess versnandi. Þau eru risaveldi sem enn býr yfir feiknarlegu afli, en innviðir þess eru rotnir og því fer óðum hnignandi. Dagar þess eru senn taldir.

Þetta er fyrri breytingin, hin síðari er gagnbyltingin í Sovétríkjunum og uppbygging eins ægilegasta herveldis sögunnar. Hin síðari er framvöxtur sósíalheimsvaldastefnunnar, fyrirbæris sem mannkynssagan hefur ekki skoðað fyrr.

Sovétríkin - mesta herveldi samtímans

Endurskoðunarstefnan kom til valda með Nikita Krúsjof. Valdataka hans, sem kostaði hreinsanir umfangsmeiri en dæmi eru áður til í sögu Kommúnistaflokksins, var merki um baráttu stéttanna í sósíalismanum. Borgaralegir endurskoðunarsinnar höfðu sigrað flokkinn innanfrá og komist í aðstöðu til að breyta ríkisvaldinu og gervöllu efnahagskerfinu til samræmis við hagsmuni nýrrar valdastéttar - skrifræðisauðvaldsins. Heima fyrir þýddi þetta einfaldlega endurreisn kapitalismans og utanríkisstefnan tók að einkennast af yfirgangi og baráttu um yfirráð heimsins. A-Evrópa var sveigð undir veldi Sovétríkjanna og nú hófst undirbúningurinn fyrir heimsstyrjöld af fullum krafti. Mönnum ber saman um, að á dögum Kúbu-deilunnar hafi Bandaríkin átt 5 sinnum fleiri kjarnaodda en Sovétríkin og sumir segja jafnvel sjöfalt fleiri. En síðan hafa hafa verið gerðir tveir samningar um takmörkun við notkun kjarnavopna, sá síðari í Vladivostok árið 1975. Þá stóðu málin þannig, að Sovétríkin áttu fleiri kjarnavopn en Bandaríkin, en kjarnavopn Bandaríkjanna voru hins vegar öflugri, svo segja mátti að jafnræði ríkti á þessu sviði. En bæði hvað snertir herafla og venjuleg vopn, bera Sovétríkin höfuð og herðar yfir USA. Talið er að Sovétríkin ráði yfir meiri vopnum en USA, V-Evrópa og Japan til samans. Sérstaklega hefur flotauppbygging Sovétríkjanna verið athyglisverð og hröð. Á tímum Stalíns var enginn floti til, heldur aðeins strandgæsluskip. Eftir hans daga tóku endurskoðunarsinnarnir til óspilltra málanna

framhald á baksíðu

TIL BARÁTTU fyrir liðsmannasamtökum

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.

Moldviðri hefur verið þyrlað upp að undanförnu í fjölmiðlum borgarastéttarinnar. Hún hefur gripið tækifærið, sem vonbrigði manna með "lausn" landhelgisdeilunnar gaf, og hamast við að beina umræðunni um aðild Íslands að NATO og veru bandarískra herstöðva hér, inn á nýjar brautir og hættulausari. Og henni hefur tekist það með góðri aðstoð erindreka sinna innan raða herstöðvaandstæðinga.

Erindrekar auðvaldsins

Í umræðunum að undanförnu hefur komið skýrt í ljós hverjir þessir erindrekar eru - Alþýðubandalagsforystan og trotskistar. Það er mál manna að eftir uppgjöfina í landhelgismálinu, hafi það einkum verið áhangendur "miðflokkanna", Framsóknar- og Alþýðuflokks auk nokkurra íhaldsmanna úr alþýðustétt, sem misstu fótfestuna í andstöðunni við NATO og herstöðvarnar. Það er þetta fólk sem borgurunum er að takast að ná til sín aftur, með pólitískum landsölubrögðum sínum.

Og hvernig snúast herstöðvaandstæðingar við? Á þrennan hátt.

Í fyrsta lagi gefast tækifærissinnar Alþýðubandalagsins og fylgiflokka þess upp fyrir þessari skyndilegu hægrisveiflu og byrja að japla og jamla um mikilvægi "miðflokkalýðsins" í baráttunni, að til þess að ná eyrum hans þurfi að láta NATO liggja í láginni o.s.frv.

Hversu hér er hrapað að niðurstöðu þarf ekki að fara mörgum orðum um. Að sættast við NATO til að ná "víðtækari" samstöðu gegn hernum er það sama og að spila öllu upp í hendurnar á borgarastéttinni. Það þýðir það sama og að gera það fólk að forystuliði í hreyfingunni, sem deigast er og lætur oftast blekkjast af skrumi íhaldsins.

Í öðru lagi flýja trotskistar út í horn einangrunarstefnunnar og "alþjóðahyggjunnar", lýsa því yfir að leigupeningar fyrir herstöðvarnar séu til þess að múta íslenskum verkalýð og gera hann of ánægðan með hlutskipti sitt til að hægt sé að höfða til hans á öðrum forsendum en "alþjóðahyggjunnar." Hversu röng þessi ályktun er, sést best á því, að hingað til hafa ókeypis dollarar (sbr. Marshall-aðstoðina svonefndu) orðið til að auka verðbólgu og rýra lífskjör almennings og því er það nauðsyn nú sem aldrei fyrr að skipuleggja alþýðu landsins á grundvelli stéttabaráttunnar gegn íslensku auðvaldi, þá fyrst verður hún fær um að gegn alþjóðlegri skyldu sinni.

Leiðin til sigurs

Í þriðja lagi er stefna KFÍ/ML, sem gerir það að höfuðatriði að byggja upp öflug, sameinuð liðsmannasamtök andstæðinga NATO-aðildar og hersetu - andstæðinga stríðsundirbúnings risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Eina leiðin til að "miðflokksmenn" snúist nokkru sinni á sveif með NATO og herstöðvaandstæðingum er að hreyfingin sé skipulögð, sameinuð og baráttufús - að baráttumennirnir eigi raunverulega frumkvæðið og forystuna.

Eina leiðin til að sigrast á lamandi áhrifum íhaldserindrekanna innan raða herstöðva- og NATO-andstæðinga, Alþýðubandalagsforystu og trotskista, er að treysta á afl fjöldans, treysta á þær þúsundir íslendinga sem tilbúnir eru að hella sér út í baráttu gegn NATO-aðild og hersetu - að byggja upp liðsmannasamtök.

Leiðin til sigurs í baráttu við bandaríska risaveldið og í baráttunni gegn stríðsundirbúningi þess og Sovétríkjanna er leið stéttabaráttu, leið skipulagðrar Alþýðufylkingar gegn heimsvaldastefnu, leið baráttu gegn vingulshætti alþýðubandalagsforystunnar og skoðanabræðra þeirra.

ÍSLAND ÚR NATO - HERINN BURT.

FYRIR SKIPULÖGÐUM LIÐSMANNASAMTÖKUM.

Hafið með ykkur Söngbókina



Söngbókin fæst í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15. Opnunartími kl. 15.oo - 18.30 alla virka daga. Bókin verður einnig seld á sumarmótinu.

framhald af forsíðu

Hættan á styrjöld fer vaxandi

og byggðu upp stærsta og fullkomnasta árásarflota samtímans, á skemmri tíma en áður hafði verið talið hugsanlegt. Þetta minnir helst á Þýskaland fyrir fyrri heimsstyrjöldina. Nú eru Sovésk herskip alls staðar, á Indlandshafi, Miðjarðarhafi, N- og S-Atlanshafi, að ekki sé minnst á Kyrrahaf og N-Íshafið. Gretsko, varnarmálaráðherra, sagði á 25. þingi flokksins: "Nú hefur aldargamall draumur loks ræst, sovéskur floti er á öllum heimshöfum." Þetta var draumur Nikulásar keisara.

Herafli Sovétríkjanna var 3,4 milljónir manna árið 1968 en þá áttu USA 3,6 milljónir hermenn. Árið 1975 voru hlutföllin þessi: Sovét 4,4 m. USA 2,1 m. hermanna. Sovétríkin höfðu þá meira en helmingi fleiri hermenn en USA!

Jafnvel Hitler náði ekki jafnlangt í undirbúningi sínum fyrir stríðið og nýju sarirnir í Kreml Hann eyddi 19% þjóðartekna til styrjaldar árið 1936, en Brésnef eyðir nú rúmum 20% í hernaðarútgjöld. Sovétríkin eyða þar með meiru nú þegar, en Bandaríkin gerðu í Kóreustríðinu, Víetnamstríðinu eða í dag.

Tölurnar í dag eru þessar: USA eyðir 80 milljörðum $ en Sovét eyða 114 milljörðum $, eða 40% meira en USA. Styrjaldarundirbúningur Sovétríkjanna hefur aukist 10 eða 20 sinnum hraðar en Bandaríkjanna og náttúrulega alltaf undir yfirskini afvopnunar, friðar og "detente." Hvers virði eru friðarummæli sovésku stríðsherranna?

Sósíalheimsvaldasinnarnir undirbúa styrjöld - alþýðan verður að vera því viðbúin.

Spyrja mætti hvers vegna Sovétheimsvaldasinnarnir hafa svo marga hermenn sem raun ber vitni um. Getur það stafað af einhverju öðru en undirbúningi styrjaldarinnar? Sömuleiðis mætti spyrja hvers vegna aukið er svo gífurlega við herliðið, þegar skortur er á korni og fjár magni í landinu og jafnvel nauðsynlegt að kaupa 28 tonn af korni erlendis frá? Af hverju eru milljónir teknar af kornökrunum og settir í herinn, þegar landið getur ekki brauðfætt sig? Loks mætti spyrja, hvað verður af öllu stálinu sem sovétmenn framleiða? Þeir framleiða 120 milljón tonn árlega og flyttja auk þess inn gífurlegt magn. Hvað á að nota allt þetta stál til? Ekki getur fólkið étið vopnin, þau hafa annan tilgang. Sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir hafa spennt efnahag landsins fyrir styrjaldarundibúninginn, það er ótvírætt merki um að vitskerrtar áætlanir þeirra um heimsyfirráð eru að koma til framkvæmda. Brésnef lýsir því yfir, að nú verði sovéski "kommúnistaflokkurinn" að skipta sér af pólitík í sérhverju heimshorni og að utanríkisstefna Sovétríkjanna taki til allra landa veraldar. Hvað sýnir þetta annað en að sósíalheimsvaldasinnarnir hugsa sér að beita árásarstefnu alls staðar í veröldinni? Marxistar-lenínistar segja að heimsvaldastefnan sé hin raunverulega uppspretta styrjaldanna og að sérhvert stríð sé framhald af þeirri pólitík sem rekin er fyrir styrjöldina. Þess vegna er okkur unnt að skoða og skilgreina komandi styrjaldarátök út frá þeirri styrjöld sem risaveldin reka í dag. Við getum staðhæft að stríðið er að vaxa fram, en það þýðir ekki endilega að það hefjist innan næstu 5 ára. Enginn veit hversu lengi dregst uns stríðið skellur á, kannske verða það 20-30 ár, kannske kemur heimsbyltingin í veg fyrir að það verði nokkurn tímann. Byltingaröflin geta enn ekki hindrað styrjöldina, til þess eru þau of veik og endurskoðunarstefnan of sterk. En við getum verið þess fullviss að komi til styrjaldar, mun hún leiða af sér byltingu, því að það er alþýða heimsins en ekki heimsvaldasinnarnir sem ákvarða gang sögunnar og þar með framtíð mannkynsins. Vitskerrtum stríðsáætlunum sovésku og bandarísku heimsvaldasinnanna verður kannski ekki hvikað í dag. En þessir fjandmenn mannkynsins munu jafn óhjákvæmilega bíða algera ósigur og fullvíst er, að verkalýðurinn mun fyrr eða síðar taka völdin í öllum löndum heimsins. En alþýða heimsins verður þegar að búa sig undir styrjöldina og skilja að Sovétríkin eru að uppspretta styrjaldar og meginógnunin við framtíð mannkynsins. Í fyrsta lagi vegna þess að þau eru vaxandi heimsvaldaríki sem ekki á umtalsverðar nýlendur og reynir því að afla sér þeirra með vopnum. Og í öðru lagi vegna þess að þau dyljast bak við gunnfána sósíalisma og framkvæmda fasísk myrkraverk sín í nafni byltingarinnar. En þegar öllu er á botninn hvolft eru Sovétríkin aðeins pappírstígris, jafnskjótt og alþýðan hefur sannreynt hið rétta eðli þeirra, mun hún ekki óttast þau heldur leggja þau að velli eins og afturhaldsmenn annarra heimsvaldaríkja. Og það verður gert í bandalagi við sovéska alþýðu, sem nú þegar hefur hafið baráttuna gegn sósíalheimsvaldastefnunni af miklu afli.

-/kg.

Hvað vill KFÍ/ML

Stofnþing Kommúnistaflokks Íslands m-l

Verkalýðsforlagið

Út er kominn bæklingur sem ber heitið "Hvað vill KFÍ m-l" Hann inniheldur allar samþykktir Stofnþings KFÍ m-l. Fæst í Rauðu Stjörnunni Lindargötu 15. Rvk. box 1357.

Lesið bæklinginn

